


# Vísindaferðapjónusta

Námskeið og fræðsla sem **Vöruhúsið / Fab Lab** getur boðið upp á fyrir þátttakendur í verkefninu **Vísindaferðapjónusta**, styrkt af Rannís. Öll námskeiðin eru sett upp í þeim tilgangi að ferðapjónustuaðilar geti valið um þekkingu sem hentar þeirra verkefni. Námskeiðin geta einnig verið til þess fallin að aðstoða við gerð hliðarafurða eða hjálpað til við markaðssetningu þeirrar vöru sem á að bjóða upp á. Vöruhúsið og Fab Lab smiðja Hornafjarðar er vel búin tækjum til nýsköpunar og þekkingu á stafrænum framleiðsluferlum. Vöruhúsið getur einnig boðið upp á frumkvöðlafræðslu í samstarfi með Háskólafélag Suðurlands og Nýheima.

## Námskeið í boði




### Fab Lab námskeið

Kennt á vector teikniforritið Inkscape í þeim tilgangi að læra á vínýl skera og laserskera.




### Frumgerðasmíði

Farið eru yfir helstu þætti til að vinna frumgerðir. Lært um efni og aðferðir. Þátttakendur vinna útskýringar á sýnum verkefnum og teikna upp fyrir frekari úrvinnslu.



### Þrívíddarteikning og þrívíddarprentun, 3D

Kennt er á Forritið Fusion 360 í þeim tilgangi að geta hannað og prentað úr skjöl í þrívíddarprentara.




### Arduino iðntölvur

Kennd eru undirstöðuatriði í forritun til að geta sett upp Arduino iðntölvuverkefni. Þátttakendur fræðast um íhluti, skynjara og forritun.




### Resin prentun, 3D

Kennt er ferlið að prenta út þrívíddarskjöl með resin (vökva)prentara. Kennt er á mismunandi efni og uppsetningu í Lychee slicer.




### Rafrása hönnun

Kennt er á forritið Eagle circuit til þess að búa til sérhönnuð rafrásabretti og fræst út. Boðið er upp á fræðsla um íhluti og kennt að lóða (surface mount).



## Mótagerð og steypun

Kennt er að fræsa í iðnaðarvax til að geta búið til mót með Smooth-On vörulínunni. Hægt er að nota mótin til að búa til fjölda afsteypa




## Mótagerð Mayku

Kennd er að þrívíddarteikning og þrívíddarprentun í þeim tilgangi að búa til mót í móta-gerðavélinni Mayku Multiplier.



## App hönnun

Figma er browser based forrit til að hanna útlit og virkni símaforrita (app). Figma er þannig útbúið að forritarar geta svo tekið við og klárað gerð appsins.



## Internet of things

Þetta námskeið fjallar um að setja upp iðntölvur, tengja við þær skynjara eftir vali og fá upplýsingar í síma app. Kennt er á Arduino og Blynk appið.



## CNC Fræsing

Kennt er á vektorteikniforrit í þeim tilgangi að geta fræst út verkefni í stórum yfirborðs-fræsara.



## Sjálfbær ræktun

Fræðsla um verkefnið Sjálfbær ræktun. Kennd er hönnun og uppsetning á minni vöktunar-, vökvunnar- og lýsingarkerfum fyrir plöntur.



## Frumkvöðlafræðsla

Vöruhúsið getur boðið upp á frumkvöðlafræðslu í samstarfi við Háskólafélag Suðurlands og Nýheima þekkingarsetur. Sérniða þarf þessa fræðslu eftir þörfum og áherslum þátttakenda. Helstu þættir frumkvöðlafræðslunnar gætu verið: **Varan og mótun hugmynda, fræðsla um styrkjaumhverfið, fjármögnun, hvernig framkvæma á hagkvæmnisathugun, kynning á gerð viðskipta- og rekstraráætlana, fræðsla um markaðsetningu á ólíkum miðlum, vita hvernig miðlar geta unnið saman til að ná betri árangri, hafa skilning á leitarvélabestun.** Ath. um er að ræða tillögur sem þarf að útfæra eftir þörfum þátttakenda og skipulagi fræðsluaðila.

